

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar, nr. 961/2013.

#### 1. gr.

3. másl. 3. mgr. 21. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Míða skal við að aðgangur sé veittur að jafnaði innan 7 daga frá móttöku beiðninnar.

#### 2. gr.

2. másl. 1. mgr. 30. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Hann sér um að byggðarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund. Fulltrúi í byggðarráði sem óskar að fá mál tekið á dagskrá byggðarráðsfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. samþykktarinnar:

- a. 1. másl. 2. mgr. orðast svo: Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara.
- b. Við 3. mgr. bætist eftirfarandi málsliður: Fulltrúi í nefnd sem óskar að fá mál tekið á dagskrá nefndarfundar skal tilkynna það formanni nefndar skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

#### 4. gr.

Í stað „málefnum fatlaðra samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992“ í tölulið 1.2 í B-lið 47. gr. samþykktarinnar kemur: málefnum fatlaðs fólks samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

#### 5. gr.

C-liður 47. gr. samþykktarinnar með yfirskrift breytist og við bætist nýr D-liður sem orðast svo:

#### C. Kosningar í stjórnir, samstarfsnefndir og ráð til fjögurra ára.

Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

1. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
2. *Undirkjörstjórnir*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara í undirkjörstjórn hverrar kjördeildar sem eru á Hofsósi, Hólum, Sauðárkróki, í Skagaseli, Fljótum, á Steinsstöðum, í Varmahlíð og á Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki.
3. *Almannavarnanefnd*. Sveitarstjórn kýs tvo aðalfulltrúa og tvo til vara.
4. *Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra*. Tveir aðalmenn og tveir til vara.
5. *Barnaverndarnefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara (sjá B-lið tölul. 1.3).
6. *Stjórn Náttúrustofu Norðurlands vestra*. Fjöldi aðal- og varamanna sveitarfélagsins fer eftir reglum sem gilda um Náttúrustofu.
7. *Norðurá, byggðasamlag um sorpeyðingu á Norðurlandi vestra*. Tveir aðalmenn og tveir til vara.
8. *Öldungaráð*. Skipa skal í öldungaráð á grundvelli 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum, sbr. 8. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999, með síðari breytingum. Skipa skal þrjá fulltrúa og þrjá til vara eða samkvæmt sérstöku samkomulagi við önnur sveitarfélög vegna samstarfs um öldrunarþjónustu.
9. *Þjónusturáð í þjónustu við fatlað fólk á Norðurlandi vestra*. Einn aðalmaður og einn til vara í þjónusturáð sem er samráðsvettvangur sveitarfélaga sem eru aðilar að samningi um framkvæmd þjónustu við fatlað fólk.

10. *Notendaráð*. Skipa skal í notendaráð á grundvelli 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum. Skipa skal þrjá fulltrúa og þrjá til vara eða samkvæmt sérstöku samkomulagi við önnur sveitarfélög vegna samstarfs um félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólk.

Nefndir tilgreindar í 4.-6. tölulið þessarar greinar eru sameiginlegar fyrir Akrahrepp og Sveitarfélagið Skagafjörð í samræmi við samkomulag við Akrahrepp um hvernig að kosningum skuli staðið.

**D. Kosningar í önnur ráð, stjórnir og samstarfsverkefni.**

Í samræmi við kjörtímabil í samþykktum viðkomandi samstarfsverkefna.

1. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Aðal- og varamenn samkvæmt lögum sambandsins.
2. *Ársþing Sambands sveitarfélaga á Norðvesturlandi (SSNV)*. Aðal- og varamenn samkvæmt lögum samtakanna.
3. *Aðalfundur Eyvindarstaðaheiðar ehf.* Aðal- og varamenn samkvæmt samþykktum félagsins.
4. *Aðalfundur Flugu ehf.* Aðal- og varamenn samkvæmt samþykktum félagsins.
5. *Aðalfundur Tímatákns ehf.* Aðal- og varamenn samkvæmt samþykktum félagsins.
6. *Stjórn Húsnæðissamvinnufélags Skagafjarðar*. Aðal- og varamenn samkvæmt samþykktum félagsins.
7. *Stjórn og fulltrúaráð Skagfirskra leiguíbúða hses. (húsnæðissjálfsseignarstofnun)*. Aðal- og varamenn samkvæmt samþykktum stofnunarinnar.
8. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands*. Aðal- og varamenn samkvæmt samþykktum félagsins.
9. *Fulltrúaráð Farskólans, miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra*. Aðal- og varamenn samkvæmt samþykktum skólans.
10. *Stjórn Ferðasmiðjunnar ehf.* Aðal- og varamenn samkvæmt samþykktum félagsins.
11. *Stjórn Skógræktarsjóðs Skagfirðinga*. Aðal- og varamenn samkvæmt samþykktum sjóðsins.
12. *Stjórn Hátekniseturs Íslands ses.* Aðal- og varamenn samkvæmt samþykktum stofnunarinnar.
13. *Stjórn UB Koltrefja ehf.* Aðal- og varamenn samkvæmt samþykktum félagsins.
14. *Stjórn Versins, visindagarða ehf.* Aðal- og varamenn samkvæmt samþykktum félagsins.
15. *Framkvæmdastjórn Byggðasögu*. Aðal- og varamenn samkvæmt samningi um verkefnið.
16. *Meningarsjóður Eyþórs Stefánssonar*. Aðal- og varamenn samkvæmt samþykktum sjóðsins.
17. *Styrktarsjóður Guðrúnar Þ. Sveinsdóttur*. Aðal- og varamenn samkvæmt samþykktum sjóðsins.
18. *Mótun ehf.* Aðal- og varamenn samkvæmt samþykktum félagsins.

6. gr.

51. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, þ.e. sveitarstjóra og sviðsstjóra, og veitir þeim lausn frá starfi.

Sveitarstjóri, í umboði sveitarstjórnar, ræður aðra starfsmenn sem heyra beint undir hann í skipuriti og veitir þeim lausn frá starfi. Nánar tiltekið er um að ræða skipulags- og byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra.

Sviðsstjórar ráða stjórnendur stofnana sem undir viðkomandi svið heyra í samráði við sveitarstjóra.

Sviðsstjórar og stjórnendur stofnana sveitarfélagsins ráða starfsmenn sinna stofnana að höfðu samráði við sveitarstjóra, bæði fastráðna og lausráðna, og veita þeim lausn frá störfum.

Nýjar stöður sem fyrirhugað er að fastráða í eru háðar samþykki byggðarráðs.

Um starfskjör, réttindi og skyldur fastráðinna og lausráðinna starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga, starfsmannastefnu og jafnréttisáætlun.

7. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 23. ágúst 2019.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

\_\_\_\_\_  
*Stefanía Traustadóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 23. október 2019